

Fimmtudaginn 17. nóvember 1994.

Nr. 307/1992.

**Gróco hf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

**Ólafi Ólafssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Vinnusamningur. Tómlæti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

### I.

Samkvæmt ráðningarsamningi stefnda við áfrýjanda frá 2. febrúar 1987 áttu föst mánaðarlaun hins fyrrnefnda að taka mið af 8. launaflokki í kjarasamningi Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga að viðbættu 48% álagi. Í samningnum var mælt fyrir um, að stefndi yrði í hlutastarfi hjá áfrýjanda frá 1. febrúar til 1. maí 1987 og fá greidd laun eftir vinnuframlagi, en upp frá því átti hann að vera í fullu starfi og um laun hans að fara eftir framansögðu. Stefndi lét af störfum hjá áfrýjanda í lok september 1988. Stefndi heldur því fram, að allt frá upphafi ráðningarsambandsins hafi svo til í hverjum mánuði skort á, að hann fengi greidd laun að fullu samkvæmt samningi aðila. Í málinu krefur hann því áfrýjanda um mismun á umsömdum og greiddum launum, samtals 397.566 krónur, sem hann rekur á eftirfarandi hátt til einstakra mánaða:

|              |     |       |
|--------------|-----|-------|
| Febrúar 1987 | kr. | 4.136 |
| Mars 1987    | –   | 5.413 |
| Apríl 1987   | –   | 7.680 |

|                |   |        |
|----------------|---|--------|
| Maí 1987       | – | 10.114 |
| Júní 1987      | – | 0      |
| Júlí 1987      | – | 29.303 |
| Ágúst 1987     | – | 10.929 |
| September 1987 | – | 13.144 |
| Október 1987   | – | 20.255 |
| Nóvember 1987  | – | 20.255 |
| Desember 1987  | – | 20.255 |
| Janúar 1988    | – | 26.795 |
| Febrúar 1988   | – | 28.427 |
| Mars 1988      | – | 30.418 |
| Apríl 1988     | – | 30.418 |
| Maí 1988       | – | 30.418 |
| Júní 1988      | – | 30.418 |
| Júlí 1988      | – | 26.396 |
| Ágúst 1988     | – | 26.396 |
| September 1988 | – | 26.396 |

Áfrýjandi hefur ekki vefengt, að þessar fjárhæðir vanti á, að stefndi hafi fengið laun greidd að fullu samkvæmt samningi þeirra á ráðningartímanum. Ástæðuna fyrir, að stefnda hafi ekki verið greidd launin að fullu, kveður áfrýjandi vera þá, að í starfi hafi stefndi brugðist væntingum forráðamanna áfrýjanda. Af hendi áfrýjanda hafa skýringar á því, hvað hafi ráðið um, hversu mikið laun stefnda samkvæmt ráðningarsamningnum hafi verið skert í hverjum mánuði, verið á reiki, og standast þær ekki reikningslega.

## II.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu annars vegar á því, að stefndi hafi fallið frá öllum kröfum sínum um frekari launagreiðslur við endurskoðun á upphaflegum ráðningarsamningi þeirra, sem hafi verið gerð í janúar 1988, og síðan í samningi um starfslok hans um mitt það ár. Þessa málsástæðu hefur áfrýjandi ekki stutt gögnum. Stefndi hefur með öllu neitað, að ráðningarsamningurinn frá 2. febrúar 1987 hafi sætt endurskoðun eða að samningur hafi verið gerður milli þeirra um launauppgjör við starfslok. Af þessum sök-

um og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem snúa að þessari málsástæðu, verður ekki fallist á hana.

Hins vegar reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að kröfur, sem stefndi kann að hafa átt samkvæmt ráðningarsamningnum, séu fallnar niður fyrir tómlæti hans. Í þessu sambandi vísar áfrýjandi til þess, að stefndi hafi alla tíð tekið við greiðslu launa án fyrirvara um, að brotið væri á honum við útreikning þeirra, en því hafi hann fyrst hreyft formlega meira en tveimur árum eftir, að hann lét af störfum. Gegn þessu hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi á starfstíma sínum árangurslaust gert endurteknar athugasemdir um útreikning launanna við gjaldkera og stjórnarformann áfrýjanda og einnig við hinn síðarnefnda, eftir að hann lét af störfum. Fær þetta nokkurn stuðning í framburði stjórnarformannsins fyrir dómi. Þá hefur stefndi jafnframt haldið því fram, að um það leyti, sem hann lét af störfum, hafi orðið að samkomulagi milli sín og framkvæmdastjóra áfrýjanda, að endurskoðanda félagsins yrði falið að fara yfir alla launaútreikninga varðandi stefnda. Til stuðnings þessari staðhæfingu hefur stefndi lagt fram í Hæstarétti afrit af bréfum, sem hann lét fylgja gögnum til endurskoðandans í lok árána 1988 og 1989, en stefndi kveður endurskoðandann aldrei hafa lokið þessu verki vegna andstöðu áfrýjanda við því.

Pegar leyst er úr því, hvort stefndi hafi glatað rétti til vangoldinna launa úr hendi áfrýjanda vegna tómlætis, verður að líta til þess, að um launakjör stefnda voru ótvíræð fyrirmæli í ráðningarsamningi aðila, og gat áfrýjanda því ekki dulist, að við hverja launaútborgun vantaði talsvert á, að stefnda væri greidd sú fjárhæð, sem um var samið. Áfrýjandi hafði því enga ástæðu til að treysta því, að launagreiðslurnar, sem hann skerti með einhliða ákvörðun sinni, gætu án skýlauss samþykkis stefnda talist fullnaðarefndir af hans hálfu á skuldbindingum samkvæmt ráðningarsamningnum. Með tilliti til þessa svo og, að áfrýjandi hefur ekki hnekkst því, að stefndi hafi á fyrrgreindan hátt látið í ljós, að hann teldi sig eiga vangoldin laun, verður ekki fallist á þessa málsástæðu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir, en við ákvörðun þeirrar fjárhæðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gróco hf., greiði stefnda, Ólafi Ólafssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1992.**

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., höfðaði Sigmundur Hannesson hrl. f. h. Ólafs Ólafssonar, kt. 010451-4349, Frostaskjóli 111, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. júní 1991, gegn Gróco hf., kt. 700683-0369, Grensásvegi 16, Reykjavík.

*Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 397.566 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Leitað var um sáttir án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi þeir stefnandi, Jafet Ólafsson, fyrrum stjórnarformaður stefnda, og Ari Kristján Sæmundsson, framkvæmdastjóri stefnda.

*Málavextir.*

Stefnandi réð sig í fullt starf sem lyfjafræðingur hjá stefnda með ráðningarsamningi, dags. 2. febrúar 1987, dskj. 3. Á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí 1987 var stefnandi í hlutastarfi hjá stefnda og fékk greitt í samræmi við vinnuframlag. Mánaðarlaun átti að miða við samning Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag lyfjafræðinga, 8. launaflokk, og átti að reikna 48% álag á þann flokk. Jafnframt átti stefnandi að fá greitt fyrir afnot eigin bifreiðar og kostnað, svo sem nánar er kveðið á um í 4. og 5. gr. ráðningarsamningsins.

Stefnandi starfaði hjá stefnda frá upphafi ráðningartímans og til loka september 1988 að undangenginni uppsögn og þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ástæða fyrir uppsögn var sögð samdráttur í starfsemi stefnda.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfur sínar aðallega á ráðningarsamningi á dskj. 3. Til frekari stuðnings kröfum stefnanda er vísað til meginreglna vinnuréttarins og til reglna kröfuréttar um efndir loforða og samninga, eftir því sem við á.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á l. nr. 50/1988,

þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefnufjárhæð sé samtala vangreiddra launa, sbr. útreikning stefnanda á fylgiskjali með dskj. 4. Miðað sé við, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar 1. apríl 1988 og síðan á 12 mánaða fresti.

Stefnandi gerir ekki ágreining um ákvæði ráðningarsamnings, er varða bílkostnað, símkostnað og risnu. Krafa stefnanda er umfram allt krafa um vangreidd laun. Stefnandi mótmælir þeim taxa, sem stefndi lagði til grundvallar við útreikning launanna, er stefnanda voru greidd.

Til frekari útlistunar á stefnukröfum er tekið fram, að samkvæmt 8. fl. taxa Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga séu mánaðarlaun í október 1987 100.245 kr., sbr. launatöflu nr. 4 á dskj. 4. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi stefnda borið að greiða stefnanda 48% álag á taxtann, þ. e. 48.117 kr. Umsamin mánaðarlaun vegna október 1987 hafi því verið 148.363 kr. Stefndi hafi aftur á móti greitt stefnanda 128.108 kr. Vangreiddur mismunur vegna októberlauna 1987 sé því 20.255 kr.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í ráðningarsamningi við stefnanda hafi verið miðað við 8. launaflokk samnings Félags íslenskra stórkaupmanna og Stéttarfélags lyfjafræðinga auk 48% álags. Álaginu hafi verið ætlað að mæta óhjákvæmilegri yfirvinnu stefnanda. Stefnandi hafi brugðist væntingum stefnda, m. a. ekki kosið að vinna nema milli 9–17 fimm daga vikunnar og oft skemur vegna annarra launaðra starfa. Í lengstu lög hafi stefndi vonað, að úr stefnanda myndi rætast. Stefnandi hafi hins vegar ekki bætt ráð sitt. Stjórnarformaður stefnda, Jafet S. Ólafsson, hafi átt fund með stefnanda og honum verið gerð grein fyrir því, að ekki yrði um það að ræða, að hann héldi óbreyttum launakjörum, og hafi honum upp frá því eins og fyrir þann tíma verið greitt skv. 8. flokki án álags. Á þessum fundi hafi stefnandi engar athugasemdir gert við launagreiðslur fram að áramótum 1987/1988. Stefnandi hafi tekið athugasemdalaust við launum sínum þann tíma, sem hann átti eftir að starfa í þágu stefnda. Um mitt ár 1988 hafi þótt fullreynt, að stefnandi hefði hvorki vilja né getu til að sinna því starfi, sem hann var upphaflega ráðinn til að gegna. Stefndi hafi því sagt honum upp störfum. Vegna hagsmuna stefnanda hafi verið látið líta svo út sem hann hefði sagt upp störfum. Við uppsögn og starfslok hafi stefnandi engar athugasemdir gert við þau laun, sem honum höfðu verið greidd. Stefndi hafi því ætlað, að stefnandi hefði að fullu sætt sig við skert launakjör.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi við endurskoðun



upphaflegs ráðningarsamnings í janúar 1988 og síðar, er samið var um starfslok hans um mitt ár 1988, fallið frá öllum launakröfum samkvæmt upphaflegum ráðningarsamningi hans og stefnda.

Stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti sínum í máli þessu sökum tómlætis. Hann hafi tekið fyrirvaralaust við launagreiðslum allan starfstíma sinn hjá stefnda. Hann hafi orðið að sæta breytingum á ráðningarkjörum, og honum hafi verið gert að hætta. Í hvorugt skiptið hafi hann hreyft því, að brotið væri á sér í launagreiðslum. Það hafi ekki gerst formlega fyrr en 29 mánuðum eftir, að stefnanda var sagt upp, og 26 mánuðum eftir starfslok hans.

Verði sýknukröfur stefnda ekki teknar til greina, telur stefndi augljóst, að dráttarvaxtakrafa stefnanda sé út í hött. Eins og málum sé háttað, verði að líta á kröfugerð stefnanda sem skaðabótakröfu, en um vexti af þeim fari eftir 15. gr. l. nr. 35/1987. Af þeim sökum byrji krafa stefnanda ekki að bera vexti fyrr en 10. janúar 1991 og fyrsta höfuðstólsfærsla möguleg 10. janúar 1992.

Um rökstuðning fyrir kröfum er af hálfu stefnda vísað til almennra reglna kröfuréttar, m. a. reglna um lok krafna, ákvæða l. nr. 25/1987, 15. gr., svo og til 2. og 3. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936.

#### *Niðurstaða.*

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar á fram lögðum ráðningarsamningi aðila, dags. 2. febrúar 1987. Fjárhæð dómkröfu stefnanda, sem hefur ekki verið tölulega vefngd, er reist á 3. gr. samningsins, en hún er svohljóðandi: „Mánaðarlaun miðast við samning Félags íslenskra stórkaupmanna við Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga. Mánaðarlaun miðast við 8. launaflokk, og reiknast 48% álag á þann flokk.“

Í 12. gr. ráðningarsamningsins segir svo: „Samningur þessi verður endurskoðaður frá 1. október 1987, og er starfsmaður lausráðinn fram að þeim tíma. Eftir þann tíma er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir.“

Fram er komið, að haustið 1987 leitaði þáverandi stjórnarformaður stefnda eftir því við stefnanda, að gerður yrði nýr samningur, nánast samhljóða samningnum á dskj. 3, nema 48% álagið í 3. gr. skyldi lækkað í 25%. Ekki vildi stefnandi skrifa undir þessa breytingu, og ekki var gerður annar samningur, en stefnandi hélt áfram starfi sínu. Verður því að telja aðila bundna af ráðningarsamningnum frá 2. febrúar 1987, enda felst ekki í endurskoðunarákvæði 12. greinar samningsins heimild handa stefnda til einhliða breytingar á samningnum. Stefnanda var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, þá er honum var sagt upp sumarið 1988.

Ósannað er, að fundið hafi verið að vinnuframlagi stefnanda.

Ekkert er fram komið um, að stefnandi hafi nokkru sinni á starfstíma

sínum eða við starfslok fallið frá launakröfum í samræmi við ráðningarsamninginn. Ber því að taka kröfu stefnanda um vangreidd laun til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði, enda verður hvorki á tómlætissjónarmið stefnda fallist, sbr. 3. gr. 1. nr. 14/1905, né á þá skoðun stefnda, að hér sé um skaðabótakröfu að ræða.

Málskostnaður ákveðst 125.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, sem beri vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómars, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Gróco hf., greiði stefnanda, Ólafi Ólafssyni, 397.566 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 4.136 kr. frá 1. apríl 1987 til 1. maí 1987, af 9.549 kr. frá þeim degi til 1. júní 1987, af 17.229 kr. frá þeim degi til 1. júlí 1987, af 27.343 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1987, af 56.646 kr. frá þeim degi til 1. sept. 1987, af 67.575 kr. frá þeim degi til 1. okt. 1987, af 80.719 kr. frá þeim degi til 1. nóv. 1987, af 100.974 kr. frá þeim degi til 1. des. 1987, af 121.229 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1988, af 141.484 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1988, af 168.279 kr. frá þeim degi til 1. mars 1988, af 196.706 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1988, af 227.124 kr. frá þeim degi til 1. maí 1988, af 257.542 kr. frá þeim degi til 1. júní 1988, af 287.960 kr. frá þeim degi til 1. júlí 1988, af 318.378 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1988, af 344.774 kr. frá þeim degi til 1. sept. 1988, af 371.170 kr. frá þeim degi til 1. okt. 1988 og af 397.566 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 125.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

---